Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 26.01.2023

**Varðar: Lautarveg 10 –** (fsp)

Skoðuð er aftur fyrirspurn Hannesar Jónssonar dags. 04.11.2022 um breytingu á skráningu kjallararýmis sem atvinnuhúsnæðis. Kjallararýmið er óaðskiljanlegur hluti íbúðar í húsinu og er ekki áformað að breyta því. Áform eru hins vegar um að breyta skráningu rýmisins í atvinnuhúsnæði og nýta það sem vinnustofu/stúdíó fyrir hönnuði eða fyrir álíka starfsemi með 1-3 starfsmenn.




Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040




Afstöðumynd af Lautarvegi 10

**Skipulagsleg staða:**
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sýnir umrætt hús á svæði íbúðarbyggðar (ÍB). Sbr. AR 2040 gr. 3.2. er minn háttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu heimiluð innan íbúðarbyggðar.
Í gildi er deiliskipulag stgr. 1.179, neðan Sléttuvegar dags. 12.07.2007 með síðari breytingum fyrir lóð nr. 8 og 10 við Lautarveg dags. 06.10.2021.

**Umsögn:**
Fyrirhuguð starfsemi fellur undir skilgreiningu AR 2040 „um þrifalega starfsemi sem ekki veldur ónæði“ og því heimilt að leyfa innan íbúðarbyggðar.

**Niðurstaða:**
Jávætt er tekið í fyrirspurn/umsókn

**F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík**
Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri